# 555. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er komið frá Ed., og hefir nefndin borið það saman við lögin frá 1928. Breytingarnar lúta allar að tryggingu rekstrar einkasölunnar og miðast við þá þörf, sem reynsla síðasta árs benti til um verkun síldar, veltufjárþörf, sjóðmyndanir og starfshættu. Meiri hl. nefndarinnar fellst á breytingarnar, telur þær yfirleitt haldkvæmar og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Einn nefndarmann (Ó. Th.) vantaði á fund, annar (J. Jós.) lýsti sig ósamþykkan stefnu frv.

Alþingi, 6. maí 1929.

| | | |
|---|---|---|
| Sveinn Ólafsson, form., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. | Magnús Torfason. |